

Lög

um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

1. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Tryggingastofnun er heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfæranda fatlaðra og langveikra barna, sem dveljast í heimahúsi eða á sjúkrahúsi, allt að 53.840 kr. á mánuði og/eða taka aukinn þátt í greiðslu sjúkrakostnaðar ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld og sérstaka umönnun eða gæslu. Heimilt er að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfæranda barna með alvarleg þroskafrávik, sem jafna má við fötlun, og barna með alvarleg hegðunarvandamál sem jafna má við geðræna sjúkdóma. Tryggingaráði er heimilt að hækka umönnunargreiðslur um allt að 25% mæli sérstakar ástæður með því.

Almenn leikskóla- og skóláþjónusta skerðir ekki umönnunargreiðslur. Önnur dagleg, sértek þjónusta og vistun utan heimilis, þar með talin umtalsverð skammtímavistun, skerðir umönnunargreiðslur. Tryggingalæknar meta þörf samkvæmt ákvæði þessu.

Um framkvæmd ákvæðis þessa fer eftir reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1997.

Samþykkt á Alþingi 17. maí 1997.